

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Á fiskveiðiárinu 1. september 1999 - 31. ágúst 2000 skulu útgerðir fiskiskipa greiða sérstakt gjald - veiðieftirlitsgjald - fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr. laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 14.940 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við heildaraflamark metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 242 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.670 kr.

Innheimta skal sérstakt gjald vegna afla krókabáta er veiðar stunda með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatakmörkunum. Skal gjaldið vera 242 kr. og skal miða við landaðan afla viðkomandi krókabáts í þorskígildum á tímabilinu 1. ágúst 1998 til 31. júlí 1999 af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1998/1999 eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 6.-7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 14.940 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi þorskígildisstuðla: Þorskur 1,00, ýsa 1,15, ufsi 0,65, karfi 0,60, grálúða 1,75, skarkoli 1,10, sandkoli 0,50, steinbítur 0,70, langlúra 0,80, skrápflúra 0,50, rækja 1,05, humar (slitinn) 6,80, hörpudiskur 0,35, síld 0,12 og loðna 0,05.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við útgáfu veiðileyfa eða afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júlí 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.